

UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2005/2006

Á verðlagsárinu 2005/2006 nam mjólkurframleiðslan 113.402 þús. lítrum. Greiðslumark verðlagsársins var 111.000 þús. Lítrar og umframmjólk verðlagsársins varð því 2.402 þús. lítrar. Góð sala mjólkurafurða kallaði á mikla framleiðslu á verðlagsárinu og í október 2005 samþykkti stjórn SAM að kaupa 4 milljónir lítra af umframmjólk á verðlagsárinu 2005/2006 og greiða próteinhluta afurðarstöðvaverðs. Samtímis var ákveðið að greiða sérstakt álag á innvegna mjólk í nóvember, desember 2005 og janúar 2006 að upphæð 1,70 krónur á lítra. Í nóvember var síðan ákveðið að greiða próteinhluta afurðarstöðvarverðs fyrir alla umframmjólk verðlagsársins. Í janúar 2006 var samþykkt að framleggja greiðslu hvatningarálags og greiða 1,70 kr/ltr í álag á innvegna mjólk í febrúar, mars og apríl 2006. Á stjórnarfundum SAM 2. Mars 2006 var ákveðið að greiða fullt afurðarstöðvarverð fyrir alla innlagða mjólk á verðlagsárinu 2005/2006.

UPPGJÖR MJÓLKUR FYRIR VERÐLAGSÁRIÐ 2005 / 2006

Afurðastöð / aðili	Umframmjólk	Framl. gj.	Vöntun vegna	Endurgr. vegna	Fyrirframinnheimt	STAÐA:
	2005 / 2006 LTR	gr. til SAM Kr / Ltr	útflutnings á á smjöri o.fl. Kr / Ltr	greiðslumarks- smjörs 05/06 KR.	vegna útl. á GMS 2006 / 2007 Kr	SKULD (INNEIGN) Kr.
MS Reykjavík	396.681	0	3.003.573	(5.279.832)	26.534.260	24.258.001
Ms Búðardal	184.976	0	1.400.594	(2.859.776)	14.118.275	12.659.092
Mjólkursamlag Ísafirðinga	11.431	0	86.553	(623.407)	3.143.257	2.606.403
MS Blönduósi	35.025	0	265.201	(1.661.591)	8.190.428	6.794.038
Mjólkursamlag KS Sauðárkróki	136.876	0	1.036.392	(4.382.804)	21.523.755	18.177.342
Norðurmjólk ehf. Akureyri	396.164	0	2.999.658	(11.463.362)	57.279.894	48.816.190
MS Egilsstöðum	73.918	0	559.689	(1.813.687)	8.887.879	7.633.881
MS Selfossi	1.167.176	0	8.837.575	(17.501.235)	88.397.427	79.733.766
Útflutningsreikningur SAM						(200.678.714)
	2.402.247	0	18.189.234	-45.585.695	228.075.175	0

Uppgjör verðlagsársins 2005/2006, var staðfest með undirskrift fulltrúa SAM, Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda, 7. desember 2006.

Endanlegt uppgjör útflutnings á smjöri innan greiðslumarks 2005/2006 fór fram. Jafnframt var gerð áætlun vegna útflutnings á greiðslumarkssmjöri fyrir verðlagsárið 2006/2007. Innheimtuáætlun gerir ráð fyrir um 228 millj. kr. innheimtupörf. Rétt er að geta þess að greiðslumark var hækkað á árinu úr 111 í 116 millj. ltr., og því mun tilflutningur innheimtu/uppgjörs flytjast að verulegu leiti á milli umframmjólkuruppgjöra og uppgjöra á greiðslumarkssmjöri í komandi framtíð.

**FYRIRFRAM INNHEIMTA VEGNA ÚTFLUTNINGS
GREIÐSLUMARKSSMJÖRS
2006 / 2007**

Afurðastöð / aðili	Greiðslumark 2006 / 2007 LTR	Innheimt vegna 06/07 kr/ltr 1,97
MS/MBF Reykjavík	13.479.713	26.534.260
MS/MBF Búðardal	7.172.248	14.118.275
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.596.811	3.143.257
MS/MBF Blönduósi	4.160.833	8.190.428
Mjólkursamlag KS Sauðárkróki	10.934.318	21.523.755
Norðurmjólk ehf. Akureyri	29.098.853	57.279.894
MS/MBF Egilsstöðum	4.515.146	8.887.879
MS/MBF Selfossi	44.906.922	88.397.427
Útflutningsreikningur SAM		(228.075.175)
	115.864.844	0

Að loknu verðlagsári 2006/2007, fer fram fullnaðaruppgjör vegna þessa, en af eðlilegum ástæðum ræðst afkoma útflutnings af markaðsverðum erlendis annars vegar og gengi íslensku krónunnar hins vegar. Sveiflur geta orðið miklar í þessum þáttum og afkoma útflutnings því breytileg.